




Reykjavík, 16. janúar 2025
USK24110266


Smiðshöfði 19 – Byggingarleyfisumsókn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. desember 2024 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. desember 2024 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir stafrænu auglýsingaskilti á gafl húss á lóð nr. 19 við Smiðshöfða.



2040

Deiliskipulag



Götumynd, tekin af Já.is



Aðalskipulag Reykjavíkur

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Smiðshöfða 19 borgarhluta 8 Grafarvogur og er hluti af miðsvæði, M4a Höfðar-vestur.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Ártúnshöfða, athafna- og iðnaðarsvæði, samþykkt 10. mars 1999, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 19 við Smiðshöfða er iðnaðarhús byggt árið 1976. Á húsinu í dag er stafrænt skilti á norðurhlíð hússins. Stærð skiltisins er 5,9 m x 3,8 m.

Í aðalskipulagi segir um svæði m4a

Fyrst og fremst gert ráð fyrir rýmisfrekum verslunum, heildsölum og skrifstofum. Léttur iðnaður og verkstæði eru leyfð. Að öllu jöfnu er ekki gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði, gistiheimilum eða hótelum, nema það sé sérstaklega tilgreint í deiliskipulagi. Á svæði M4a, vestan Breiðhöfða, eru íbúðir heimilar, einkum á efri hæðum.

Í umsókn er tilgreint að fyrir hafi verið flettiskilti á húsinu, nú hefur nýju stafrænu skilti verið komið fyrir á húsinu. Í samþykkt um skilti í Reykjavík segir:

Leyfilegt er að setja upp ný stafræn auglýsingaskilti sem eru stærri en 10m² ef að fyrir sé sambærilegt skilti s.s. fléttiskilti, eða ef deiliskipulag heimili slík skilti. Slík skilti mega þó ekki vera nær vegbrún gatnamóta, götu eða vegvísu og öðrum umferðarbúnaði en 20m. Byggingarfulltrúa er heimilað að veita undanþágu frá þeirri reglu ef um er að ræða skóla, íþróttafélög eða aðrar sambærilegar stofnanir en þau skilti skulu fylgja reglum þessarar samþykktar.

Þar sem að skiltið er nær vegbrún gatnamóta, götu og vegvísu en 20 m er ekki hægt að heimila umrætt skilti.

Niðurstaða



Reykjavík



- Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við erindið, samræmist ekki samþykkt um skilti í Reykjavík.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík